

*Alþingi
Erindi nr. Þ 136/29
komudagur 5.11.2008*

From: Eggert P. Ólason [mailto:Eggert.P.Olason@landsbanki.is]
Sent: 5. nóvember 2008 10:13
To: Ágúst Ólafur Ágústsson
Cc: Brynhildur Pálmarsdóttir; Guðfinna S. Bjarnadóttir
Subject: Lagabreytingar v. fjármálafyrirtækja og neyðarlögum

Sæll Ágúst,

Skilanefnd Landsbanka Íslands hf. hefur meðfylgjandi athugasemdir og ábendingar við frumvarp til lagabreytinga sem liggur fyrir á Alþingi í dag sem varðar breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 svo og lögum nr. 21/1991 um gjaldprotaskipti o.fl.

Skilanefnd telur það afar brýnt, eins og rökstutt er nánar í meðfylgjandi minnisblaði, að ákvæði um aðstoðarmenn verði breytt þannig að skilanefnd taki að sér það hiutverk. Að öðrum kosti geti slíkt kallað á stórauðinn kostnað og hættu á tjóni sökum þess að skilvirkni minnkar til muna og það traust sem skilanefnd hefur byggt upp við stjórnendur sem eftirlitsaðilar eða dómstólar erlendis hafa sett í útibú verður hugsanlega að engu. Allt þetta mun tefja málin og skapa hættu á tjóni. Á móti verður alls ekki séð að aðstoðarmaður sem síður geti haft einhverju sérstöku eða nauðsynlegu hlutverki að gegna í því ferli sem hér er unnið eftir og ákaflega mikilvægt að halda sama málinu í sama farvegi en nú með úrskurð dómara í farteskinu.

Kem ég þessum athugasemdum og ábendingum á framfæri fyrir hönd skilanefndar.

Kveðja/Regards,

Eggert Páll Ólason

Ritari skilanefndar/ Secretary for the Resolution Committee

Farsími / Mobile: (+354) 822 5944

Minnisblað

Í tilefni af frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, með síðari breytingum.

Inngangur:

Skilanevnd Landsbanka Íslands hf. hefur fengið til skoðunar drög að breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki. Efnislegar breytingar í þeim drögum sem nefndin hefur séð eru þær, að heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi þrátt fyrir að fjármálafyrirtæki sé í slitameðferð. Í öðru lagi að lengja þá fresti sem lagðir eru í lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. þegar fjármálafyrirtæki hefur fengið heimild til greiðslustöðvunar.

Skilanevnd Landsbanka Íslands telur nauðsynlegt að gera tilteknar breytingar á frumvarpinu áður og ef það verður að lögum, s.s. að mælt verði fyrir um að ákvæði 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. um gjaldþrotaskipti o.fl. eigi ekki við um beiðni til greiðslustöðvunar við núverandi aðstæður.

Skilanevnd Landsbanka Íslands hf. vill koma á framfæri athugasemdum við ákvæði frumvarpsins og leggur til tilteknar breytingar sem hún telur nauðsynlegar til að viðhalda verðmæti eigna Landsbanka Íslands hf. og treysta ásýnd þess ferlis sem hófst þann 7. október sl.

Tillögur nefndarinnar og athugasemdir eru eftirfarandi. Jafnframt er í fylgiskjali með minnisblaði þessu frumvarpsdrögin í word-sniðmáti með breytingum nefndarinnar. Jafnframt er hjálaga skjalið: „Hugsanlegar breytingar sem gera þarf á frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki sem leggja á fyrir Alþingi fyrstu viku nóvember 2008.“ Síðarnefnda skjalið hefur nefndin jafnframt fengið til skoðunar og er það hjálaga til að leggja áherslu á mikilvægi þeirra lagabreytinga sem þar eru orðaðar.

Tillögur og athugasemdir:

Skilanevnd Landsbanka Íslands hf. vill koma eftirfarandi á framfæri í tilefni af frumvarpi þessu.

1) 1. gr. frumvarpsins um starfsleyfi við slit fjármálafyrirtækis.

Skilanevnd lýsir ánægju með þá tillögu að þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækis, verði þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis, með samþykki Fjármálaeftirlits, heimilað að viðhalda því starfsleyfi sem þarf til að verja eignir og hámarka virði þess. Afstaða skilanevndar hefur verið sú að nauðsynlegt sé að innleiða umrætt ákvæði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/12/EB.



Að framangreindu rituðu tekur nefndin fram að samkvæmt fyrirliggjandi upplýsingum mun starfsleyfi félagsins halda gildi sínu þrátt fyrir greiðslustöðvun. Nefndin áréttar mikilvægi þess að fullvissa sé um þessa niðurstöðu áður en til greiðslustöðvunar kemur.


2) 2. gr. frumvarpsins um skipun aðstoðarmanns skuldara.

Skilanevnd leggur til þá breytingu á 2. gr. frumvarpsins, að í þeim tilvikum þegar fjármálafyrirtæki hefur þegar verið skipuð skilanevnd verði henni fallið hlutverk aðstoðarmanns við greiðslustöðvun samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. Þannig yrði ekki skipaður nýr aðili til að annast hlutverk aðstoðarmanns skuldara heldur myndi skilanevnd sinna því hlutverki. Telur nefndin það nauðsynlega tilhögun í fullu samræmi við núverandi hlutverk skilanevndar.

Skilanevnd áréttar sérstaklega að mjög mikilvægt er að ásýnd þess ferlis sem hafið var með setningu neyðarlaganna og yfirtöku á stjórn m.a. Landsbanka Íslands hf., verði ekki stefnt í hættu með því að víkja frá þeirri leið sem þegar hefur verið mörkuð. Þessi afstaða nefndarinnar byggir á ráðleggingum erlendra lögmannna nefndarinnar sem víðtæka reynslu hafa af alþjóðlegum gjaldþrotaskiptum og samskiptum við kröfuhafa. Talið er mjög mikilvægt að senda ekki þau skilaboð á heimsvísu að verið sé að hverfa frá upphaflegri framkvæmd. Þvert á móti er mjög mikilvægt að engin vafi leiki á um að næsta skref í ferlinu, þ.e. greiðslustöðvun, sé eðlilegt framhald af aðgerð sem byggir á lögum nr. 125/2008. Þannig væri það stílbrot á ferlinu að skipa sérstakan aðstoðarmann samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti o.fl. á þessu stigi og myndi senda óræð skilaboð um að markmið verkefnisins hefði ekki verið ljóst í upphafi. Slík skilaboð eru slæm fyrir verndun eigna Landsbankans og samskipti við kröfuhafa.

Skilanevnd hefur rætt sérstaklega við erlenda ráðgjafa um hvort það samrýmist viðteknum venjum að skipuð nefnd sem jafnframt er stjórn félagsins annist það hlutverk sem aðstoðarmanni skuldara er fallið. Þau svör sem hafa fengist eru í þá veru að slíkt sé eðlilegt við þessar aðstæður. Þannig geti skilanevnd verið aðstoðarmaður skuldara (e. Estate's representative) enda sé um dómstóiaskipun hennar að ræða. Slíkt er að ráðleggingum lögmannna eðlileg og viðurkennd framkvæmd.

Vakin er athygli á því að undanfarnar vikur hefur skilanevndin unnið að ýmsum flóknum aðgerðum sem aðstoðarmanni skuldara yrði ómögulegt að setja sig nægilega vel inn í innan þess tíma sem er til stefnu. Bent er á að ábyrgð á slíkum aðgerðum yrði í miðjum klíðum á herðum aðstoðarmanns sem settur yrði í afar óþægilega stöðu til ákvörðunar um flókin málefni. Hér er vísað til ákvæðis 19. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. þar sem lögð er sú ábyrgð á aðstoðarmann skuldara að veita fyrirfram samþykki hverju sinni fyrir ráðstöfun eigna, réttinda eða stofnunar til skuldbindinga. Skilanevndin telur augljóst að ekki aðeins yrði aðstoðarmaður settur í mjög erfiða stöðu heldur er skilvirkni vinnu nefndarinnar stefnt í hættu að sama skapi.



Skilanefnd vekur jafnframt athygli á þeim verðmætum sem felast í tengslum við þá aðila erlendis sem hafa hingað til litið til nefndarinnar sem lögmætan aðila til að taka ákvarðanir um málefni félagsins. Breytingar á þeirri tilhögun mun hafa áhrif til hins verra á samskipti við þessa aðila.

Skilanefndinni er umhugað um að lagagrundvöllur sé lagður undir eðlilegt framhald af yfirtöku FME á bankanum með vinnu skilanefndar í hlutverki aðstoðarmanns skuldara. Þannig verði haldið áfram á þeirri leið sem hefur verið mörkuð og að ekki verði stofnað til óþarfa kostnaðar eða frávika við vandasama framkvæmd við sérstakar og óvenjulegar aðstæður.

Lagðar eru til breytingar á frumvarpinu í samræmi við framangreint í hjálögðu skjali.

3) Nauðsyn þess að ákvæða frestdag.

Skilanefnd setur sig ekki á móti því að ákvæðinn sé frestdagur sem miðast við þann dag þegar skilanefnd var skipuð á grundvelli 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki enda ekki á valdi nefndarinnar á sjá fyrir slíka ráðstöfun. Einungis er vakin athygli á því að það leiðir til þeirrar niðurstöðu að ráðstafanir eftir frestdag sæta sérstakri skoðun samkvæmt almennum reglum.

Jafnframt er áréttað að setning frestdags afturvirkir hefur áhrif á heimildir til skuldajöfnunar. Þannig telur þriggja mánaða frestur til skuldajöfnunar samkvæmt lögum um gjaldþrotaskipti frá frestdegi. Það þýðir væntanlega að færri kröfur verða notaðar til skuldajöfnunar við kröfur bankans sem yrði jákvætt fyrir félagið eða þrotabú þess.

4) Breyta þarf ákvæði 12. gr. um gjaldþrotaskipti til að greiðslustöðvun sé möguleg.

Skilanefnd telur algerlega nauðsynlegt að sett sé ákvæði í lög um fjármálafyrirtæki þess efnis að leiti fjármálafyrirtæki eftir heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt kröfu fjármálaeftirlitsins á grundvelli 100. gr. a skal slík heimild veitt án tillits til ákvæða 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. um gjaldþrotaskipti o.fl.

Umrædda breytingu er að finna í ákvæði til bráðabirgða á skjali sem ber heitið „Hugsanlegar breytingar sem gera þarf á frumvarpi til breytinga á lögum um fjármálafyrirtæki sem leggja á fyrir Alþingi fyrstu viku nóvember 2008.“ Lögð er áhersla á að ákvæðið verði að lögum ef nokkur kostur á að vera á greiðslustöðvun í tilviki Landsbanka Íslands hf.

Farið hefur verið ítarlega yfir afstöðu nefndarinnar til framangreinds. Afstaðan byggir á þeirri staðreynd að nefndin telur sér ekki fært fyrir hönd Landsbanka Íslands hf. að óska þess af dómstóli að veita greiðslustöðvun við núverandi aðstæður ef umræddir töluliðir 2. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1991 eigi við. Jafnframt vísar nefndin til þess að ef óskað verði greiðslustöðvunar á þessu stigi án nauðsynlegra lagabreytinga kunni gildi laga nr. 125/2008 að verða útkljáð með einföldum hætti í úrskurði héraðsdómara sem ekki sætir áfrýjun. Hér er ekki ráðrúm til að rekja á ný fyrri röksemdir að öllu leyti og látið nægja að vísa til fyrri minnisblaðs um sama efni.




Skilanevnd Landsbanka Íslands hf. tekur fram að ef framangreindar breytingartillaga um niðurfellingu 4. og 6. tölul. 2. mgr. 12. gr. laga nr. 21/1991, sbr. ákvæði til bráðabirgða, nær fram að ganga, mun hún endurskoða afstöðu sína til þess hvort Landsbanki Íslands hf. skuli leita heimildar til greiðslustöðvunar. Að öðrum kosti er afstaða nefndarinnar óbreytt.

5) Eftirfylgni

Skilanevnd Landsbanka Íslands hf. veitir góðfúslega allar nánari upplýsingar ef óskað er.

Reykjavík, 4. nóvember 2008

Skilanevnd Landsbanka Íslands hf.



The image shows five handwritten signatures in black ink, stacked vertically. The signatures are: 1. A signature that appears to be 'Einar Guðnason'. 2. A signature that appears to be 'Einar Jónsson'. 3. A signature that appears to be 'Vigdís L.' with a horizontal line through it. 4. A signature that appears to be 'Einar Guðnason' with a large circular flourish. 5. A signature that appears to be 'Guðlaugur'.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum.

1. gr.

Við 9. gr. laganna bætist ný málsgrein sem verði 3. mgr., svohljóðandi:

Þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis samkvæmt 6. tl. 1. mgr. er þeim sem annast skiptastjórn þrotabús fjármálafyrirtækis heimilt, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi að svo miklu leyti sem hún er nauðsynleg vegna bústjórnar og ráðstöfunar hagsmuna þrotabús.

Formatted: Indent: First line: 1,27 cm

2. gr.

Við 98. gr. laganna bætist tvær nýjar málsgreinar sem verði 3. og 4. mgr., svohljóðandi:

Hafi fjármálafyrirtæki sem æskir greiðslustöðvunar verið skipuð skilanefnd á grundvelli 4. mgr. 100. gr. a. áður en beiðni um greiðslustöðvun kemur fram, skal nefndin, þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. 10. gr. laga nr. 21/1991, sinna hlutverki aðstoðarmanns við greiðslustöðvun sbr. III. kafla 10. gr. laga nr. 21/1991.

Formatted: Left, Indent: First line: 1,27 cm

Formatted: English (U.K.)

Formatted: Indent: First line: 1,27 cm

Veiti héraðsdómari fjármálafyrirtæki heimild til greiðslustöðvunar samkvæmt 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. skal heimildin veitt til ákveðins dags og stundar innan tólfsex vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins. Fallist héraðsdómari á framlengingu greiðslustöðvunar samkvæmt 17. gr. sömu laga skal þing haldið til að taka málefnið fyrir á ný innan sex mánaða frá því að beiðni um framlengingu var lögð fram á dómþingi. Héraðsdómari getur þó aldrei heimilað greiðslustöðvun í lengri tíma –en alls 2442 mánuði talið frá því þinghaldi þegar heimild var veitt samkvæmt 1. málslíð. Fundarboð samkvæmt 2. mgr. 13. gr. og tilkynning samkvæmt 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. telst fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

3. gr.

Við lögina bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Ef heimild til greiðslustöðvunar hefur verið veitt á grundvelli 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara, fyrir gildistöku laga þessara, en fundur með lánardrottnum samkvæmt 1. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. hefur enn ekki farið fram, er héraðsdómara heimilt að fenginni rökstuddri beiðni skuldara að fresta þegar ákveðinni fyrirtöku en þó ekki til lengri tíma en kveðið er á um í 1. málslíð 3. mgr. 98. gr. laganna, sbr. 2. gr. laga þessara. Skal héraðsdómari fallast á beiðni um frest nema hann telji hana augljóslega tilefnislausu. Fallist héraðsdómari á beiðni skuldara skal hann framlengja greiðslustöðvunina með úrskurði samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl.

Formatted: Indent: First line: 1,27 cm

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Í frumvarpi þessu eru lagðar til breytingar á lögum um fjármálafyrirtæki, sem nauðsynlegar eru til að auðvelda það ferli sem framundan er hjá þeim fjármálafyrirtækjum sem Fjármálaeftirlitið hefur tekið yfir stjórn í á grundvelli laga nr. 125/2008.

Ákvæði frumvarpsins miða í fyrsta lagi að því að heimila skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi, þrátt fyrir að Fjármálaeftirlitið hafi afturkallað starfsleyfi fjármálafyrirtækis. Í öðru lagi er kveðið á um tiltekin atriði við skipun aðstoðarmanns við greiðslustöðvunartímabili þegar í hlut á fjármálafyrirtæki þar sem svo háttar til að skilanefnd hefur verið skipuð á grundvelli 100. gr. a. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í þriðja lagi miða breytingarnar að því að lengja fresti og auðvelda tilkynningu fyrir aðstoðarmann fyrirtækis sem veitt hefur verið greiðslustöðvun. Loks er í frumvarpinu lagt til að bætt verði við lögum ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun fyrirtöku þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Athugasemdir við einstakar greinar.

Um 1. gr.

Í greininni eru lagðar til breytingar á 9. gr. laga um fjármálafyrirtæki, en þar er kveðið á um afturköllun starfsleyfis fjármálafyrirtækja, meðal annars ef Fjármálaeftirlitið beinir kröfu til héraðsdómara um að bú fjármálafyrirtækis verði tekið til gjaldþrotaskipta til slita á fjármálafyrirtæki, sbr. 102. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Lagt er til að skiptastjóra þrotabús fjármálafyrirtækis verði heimilað, með samþykki og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins, að annast áfram tiltekna leyfisbundna starfsemi fjármálafyrirtækis, þrátt fyrir afturköllun starfsleyfis þess vegna gjaldþrotssamhliða kröfu um gjaldþrotaskipti. Slikt leyfi heimild er mikilvægt til að hægt sé að halda áfram ákveðinni starfsemi bankanna fjármálafyrirtækis, sem miðar að því meðal annars með það að markmiði að verja eignir þeirra og hámarka virði þessir, og tryggja um leið hagsmuni kröfuhafa. Ákvæðið er í samræmi við ákvæði 12. gr. tilskipunar Evrópusambandsins nr. 2000/12/EB um stofnun og rekstur lánastofnana.

Um 2. gr.

Í greininni lagt til að í þeim tilfellum þegar fjármálafyrirtæki hefur áður verið skipuð skilanefnd á grundvelli 100. gr. a. laga nr. 161/2002 verði skilanefndinni falið að sinna hlutverki aðstoðarmanns. Fyrir þessu eru þau rök að hlutverk skilanefndar, eins og það er skilgreint í 100. gr. a. laga nr. 161/2002 og með ákvörðunum Fjármálaeftirlits byggðum á sama lagagrunni, nær þegar yfir allar skyldur aðstoðarmanns við greiðslustöðvun eins og það er skilgreint í III. kafla laga nr. 21/1991. Hafa þeir í huga að skilanefndir verða einungis skipaðar samhliða veigamiklum aðgerðum af hálfu Fjármálaeftirlits þar sem m.a. stjórn fjármálafyrirtækis hefur verið vikið frá störfum. Hlutverk og skipan skilanefnda fjármálafyrirtækis uppfylli þannig þau skilyrði um hlutlægni er þurfa að vera til staðar við val á aðstoðarmanni skuldara við greiðslustöðvun þrátt fyrir að skilanefnd fari með vald stjórnar fjármálafyrirtækisins. Í þessu samhengi má benda á að skilanefnd fjármálafyrirtækis hefur skyldu til þess, undir eftirliti og stjórn Fjármálaeftirlits, að hafa umsjón með því að koma nýrri skipan á fjármál viðkomandi fjármálafyrirtækis og í því skyni ráðstafa eignum þannig að verðmæti þeirra verði hámarkað.

Í greininni eru lagðir til sérstakir frestir þegar fjármálafyrirtæki fær heimild til greiðslustöðvunar. Samkvæmt 3. mgr. 12. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um að telji héraðsdómari skilyrðum fullnægt til að verða við beiðni um heimild til greiðslustöðvunar skuli tiltekið í úrskurði að heimildin sé veitt til ákveðins dags og stundar innan þriggja vikna frá uppkvaðningu úrskurðarins þegar þing verður háð til að taka málefnið fyrir á ný. Gert er ráð fyrir í greininni að samsvarandi frestur verði sex–tölf vikur, ef fjármálafyrirtæki fær heimild til greiðslustöðvunar. Þá er gert ráð fyrir að greiðslustöðvun fjármálafyrirtækis geti alls verið 2412 mánuðir, en í 3. mgr. 18. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. er kveðið á um það

Formatted: Indent: First line: 1,27 cm

að héraðsdómari geti aldrei heimilað skuldara greiðslustöðvun í lengri tíma en alls sex mánuði talið frá þinghaldi sem hann hefur ákveðið í úrskurði. Ofangreind lenging á frestum tekur mið af því að starfsemi fjármálafyrirtækja er oft veruleg að umfangi og því nauðsynlegt að ætla skilanefndaðstoðarmanni fjármálafyrirtækiss á tímabili greiðslustöðvunar lengri tíma en ella til að uppfylla lögboðnar skyldur sínar, svo sem að leggja fram tæmandi og sundurliðaða skrá um eignir og skuldbindingar skuldarans, hvernig hann skilanefndin telji unnt að reyna að koma nýrri skipan á fjármál skuldarans, hvað hafi þegar verið gert í þeim efnum og hvort skuldarinn hvggist æskja áframhaldandi greiðslustöðvunar o.fl.

Í 2. mgr. 13. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.-fl. er gert ráð fyrir að fundarboð til lánardrottna skuli vera skriflegt og sent öllum þekktum lánardrottnum skuldarans með hæfilegum fyrirvara í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Þá er gert ráð fyrir í 5. mgr. 17. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. að aðstoðarmaður skuldari tilkynni öllum þekktum lánardrottnum um úrskurð héraðsdómara um áframhaldandi greiðslustöðvun, eða synjun þar að lútandi, í útbornu ábyrgðarbréfi, símskeyti eða á annan sannanlegan hátt. Í síðasta málslið ákvæðisins er gert ráð fyrir að vikið verði frá þessum ákvæðum þegar fjármálafyrirtæki á í hlut, þannig að tilkynning teljist fullnægjandi ef hún er birt í að minnsta kosti tveimur dagblöðum hér á landi og í hverju þeirra ríkja þar sem útibú hafa verið rekin.

Um 3. gr.

Í greininni er lagt til að bætt verði við lögum ákvæði til bráðabirgða sem heimilar frestun á fyrirtöku máls, þrátt fyrir að greiðslustöðvun hafi verið veitt fyrir gildistöku laganna.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Formatted: Icelandic

Formatted: Icelandic

Formatted: Icelandic